

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 402/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Sverri Róbert Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili er skírður Sverrir Róbert Guðmundsson, en er nú skráður í þjóðskrá Róbert Guðmundsson, kt. 261168-5459. Hann hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. október 1990. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. október 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 30. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Sverri Róbert Guðmundssyni, kt. 261168-5459, Bergþórugötu 41, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. nóvember nk. kl. 16.00. Kærði mótmælir kröfunni.

RLR vinnur nú að rannsókn innbrotspjófnaðar, sem framinn var í mars sl. að Strýtuseli 13 hér í borg, og í því sambandi viðskipta með verðmæti, sem aflað var með innbrotinu. Í þágu rannsóknar hafa tveir menn verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 7. nóvember nk. Hafa þegar nokkrir menn til viðbótar verið handteknir og yfirheyrdir. Við þessar yfirheyrslur beindist grunur að aðild kærða að málinu. Leiddi það til þess, að um hádegisbilið í gær var kærði handtekinn og færður til yfirheyrslu hjá RLR.

Framburður kærða varðandi það, með hvaða hætti þýfi úr innbroti þessu komst í hans hendur og með hvaða hætti því hefur verið ráðstafað af hans hálfu, sýnist bæði óljós og ófullnægjandi. Hann hefur þó greint frá því, að maður að nafni Héðinn hafi falið honum að selja 4 byssur sl. vetur, og kveðst hann hafa selt þær öðrum mannanna, sem nú sætir gæsluvarðhaldi. Hann hefur einnig greint frá því, að sér hafi verið kunnugt um, að um hafi verið að ræða stolnar byssur, en hann viti ekki, hvar þeim var stolið.

Eins og rannsóknargögn málsins bera með sér, er rannsókn þess enn á frumstigi. Með vísan til þess og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina. Skal kærði samkvæmt því sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. nóvember nk. kl. 16.00.

Brot þau, sem kærði er hér sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og einnig skv. lögum nr. 46, 1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sverrir Róbert Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 7. nóvember nk. kl. 16.00.
